

159
30. nóv.

5. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannlutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugardögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. nóvember 1944.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

160
1. des.

AUGLÝSING

um bann gegn flutningi jurta o. fl. milli landshluta innanlands.

Í framhaldi af auglýsingu ráðuneytisins, útgefinni 6. desember 1943, er hér með samkvæmt lögum nr. 17 13. maí 1927 bannað að flytja káljurtir, rófur og önnur krossblóm (t. d. Levköj og næturfjólu) með rót eða mold úr görðum, þar sem æxlaveiki (Kaalbrok, Klumpróð) hefur orðið vart síðustu 6 árin.

Sömuleiðis er bannað að flytja áburð undan gripum, sem fóðraðir hafa verið á æxlaveiku káli eða rófum á staði, þar sem veikin er ekki.

Brot gegn ákvæðum þessum varða 100—5000 króna sektum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. desember 1944.

Pétur Magnússon.

Vigfús Einarsson.

161
7. des.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um fjallskil í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðar-kaupstað, nr. 48 frá 29. maí 1934.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver fjáreigandi skal hafa glögg eyrnamark á fé sínu og brennimark eða önnur skýlaus einkenni, ef mark verður óglögg. Auk þess skal hann brennimerkja allt fé sitt veturgamalt eða eldra, sem hyrnt er, framan á hægra horni með brennimarki þess hrepps, sem hann er heimilisfastur í í fardögum. Nú flytur einhver búferlum milli hreppa og skal hann þá afmá brennimark þess hrepps, er hann flutti úr, en brennimerkja fé sitt brennimarki þess hrepps, er hann flytur í, eins og fyrr greinir. Enginn má hafa fleiri en tvö eyrnamörk. Ekki má hafa tölustafi fyrir brennimark nema bókstafur fylgi með. Heimilt er hverjum markeiganda að nota fjármark sitt á hesta sína.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver hreppur skal hafa brennimark sem hér segir: Skeggjastaðahreppur N 1, Vopnafjarðahreppur N 2, Jökuldalshreppur N 3, Hlíðahreppur N 4, Tungu- hreppur N 5, Fellahreppur N 6, Fljótsdalshreppur N 7, Hjaltastaðahreppur N 8, Borgarfjarðahreppur N 9, Loðmundarfjarðahreppur N 10, Seyðisfjarðahreppur N 11 og Seyðisfjarðar-kaupstaður N 12.